

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 501/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ágústi Liljan Sigurðssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur. Akstur án réttinda. Refsiákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar á máli þessu til lækkunar á refsingu. Af hálfu ákærvalds var þá málinu einnig áfrýjað. Stefna var út gefin 16. desember 1994. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um refsingu og önnur viðurlög.

Í héraðsdómi kemur fram, að ákærði var undir verulegum áfengisáhrifum, þegar akstur hans var stöðvaður, í bæði þau skipti, sem getið er í ákæru. Hann hefur margsinnis verið dæmdur fyrir að aka bifreið réttindalaus og undir áhrifum áfengis. Samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem fram koma í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 1. og 3. lið, sbr. og 72. gr. sömu laga, ber að staðfesta refsíákvörðun hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar er greint í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni

héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 785/1994: Ákærvaldið gegn Ágústi Liljan Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 7. nóvember sl., á hendur ákærða, Ágústi Liljan Sigurðssyni, Austurbergi 28 í Reykjavík, kt. 021164-4889.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða:

„I. Fyrir að aka bifreiðinni A-11455 föstudaginn 11. mars 1993 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um Víðigrund og Öldustíg á Sauðárkróki.

II. Fyrir að aka bifreiðinni A-11455 að kvöldi föstudagsins 29. apríl 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um bifreiðastæði við Búnaðarbanka Íslands við Rauðarárstíg og spölkorn út á götuna.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Við þingfestingu málsins hefur ákærvaldið leiðrétt ártalið í fyrri lið ákæru, en það á að vera 1994, en ekki 1993. Þá er ætlað brot ákærða í II. lið framið í Reykjavík.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru, en magn alkóhóls mældist í blóði ákærða í fyrra skiptið 2,49‰ og í síðara skiptið 2,76‰. Fyrrgreindar leiðréttingar breyta engu um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá því í desember 1981 og fram í febrúar sl. hlotið 24 dóma, þrjá hina fyrstu skilorðsbundna, en refsing ákærða samkvæmt hinum 21 nemur samtals 69 mánaða fangelsi, en þar eru innifaldir 133 dagar, sem ákærði fékk skilorðsbundna reynslulausn á og felldir voru inn í refsingu hans í dómi, sem upp var kveðinn í mars á sl. ári. Ákærði hefur með dómunum verið sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 157. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni og margoft fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. í 17 dómanna fyrir að aka ölvaður og án ökuleyfis, oftast sviptur ökuleyfi, en því var ákærði sviptur ævilangt í janúar 1983. Í 11 áðurgreindra 17 dóma var ákærði auk umferðarlagabrota einnig dæmdur fyrir önnur brot, oftast hegningarlagabrot. Þá hefur ákærði frá því í apríl 1981 og fram í janúar 1987 gengist fjórum sinnum með dómsátt undir að greiða sektir, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot, fyrst fyrir að aka án ökuleyfis og brjóta auk

þess gegn 157. gr. almennra hegningarlaga, næst fyrir að aka ölvaður og brjóta einnig gegn 257. gr. almennra hegningarlaga og loks tvívegis fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Fimm síðustu dómar ákærða eru frá 17. janúar 1992, 60 daga fangelsi frá 9. júní 1992, 4 mánaða fangelsi frá 24. mars 1993, 8 mánaða fangelsi, þar af 133 daga rofin reynslulausn felld inn í refsinguna, frá 22. október 1993, 8 mánaða fangelsi, og loks frá 24. febrúar sl. 10 mánaða fangelsi. Síðustu þrír dómar ákærða eru fyrir að aka ölvaður og sviptur ökuleyfi.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af sakaferli hans og þá sérstaklega hinum tíða akstri hans undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti. Brot ákærða í máli þessu eru framin í mars og apríl sl., en ákærði hlaut, eins og fram er komið, síðasta dóm sinn fyrir sömu sakir í febrúar sl. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að vera sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Ákærði er þegar sviptur þessum rétti, og ber að árétta, að svo skuli vera ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.